

## Aðalfundur FVB 23. mars 2018

Aðalfundur Félags viðurkenndra bókara var haldinn á Grand Hótel föstudaginn 23. mars 2018 kl. 17:00. Formaður félagsins, Margrét V. Friðbjófsdóttir, setti fundinn kl. 17:05 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Kosning fundarstjóra

Formaður lagði til að Guðrún Barbara Tryggvadóttir yrði fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki. Guðrún Barbara tók við fundarstjórn.

### 2. Tilnefning fundarritara og tveggja atkvæðateljara

Fundarstjóri lýsti fundinn löglega boðaðan og kynnti dagskrá (sjá [hér](#)). Þá lagði fundarstjóri til að Aðalheiður Rúnarsdóttir myndi rita fundinn og var það samþykkt með lófataki. Þá óskaði fundarstjóri eftir atkvæðateljorum. Særós Guðnadóttir og Ómar Pétursson buðu fram krafta sína og voru samþykkt með lófataki.

### 3. Skýrsla stjórnar

Formaður flutti skýrslu stjórnar, sjá fylgiskjal nr. 1. Í skýrslunni kom fram að starfsemi félagsins var með hefðbundnu sniði árið 2017.

Fundarmaður benti á að upphæð eigins fés og skulda í skýrslu stjórnar var ekki í samræmi við upphæðir í ársreikningi. Var ábendingin tekin til greina og skýrsla stjórnar lagfærð til samræmis. Þá var skýrslan samþykkt með áorðnum breytingum.

### 4. Ársreikningur félagsins fyrir 2017

Varaformaður kynnti ársreikning félagsins í fjarveru gjaldkera. Var ársreikningur félagsins áritaður af skoðunarmönnum án athugasemda, sjá fylgiskjal nr. 1.

Í **rekstrarreikningi** kom fram að tekjur ársins jukust úr kr. 8.645.750 árið 2016 í kr. 11.756.600 árið 2017. Gjöld jukust einnig á milli ára, fóru úr kr. 8.973.433 árið 2016 í kr. 10.469.287 árið 2017. Fjármunatekjur voru kr. 162.751 og hagnaður ársins 2017 var því kr. 1.450.064, á móti kr. 123.126 tapi ársins á undan. Samkvæmt **efnahagsreikningi** voru skuldir og eigið fé kr. 5.613.830 í lok árs 2017, í stað kr. 3.977.623 árið á undan. **Haldbært fé** í árslok 2017 var kr. 5.476.670

Nokkrar umræður urðu um reikningana. Spurt var um afskrifaðar viðskiptakröfur, sem voru skýrðar sem afskrifuð félagsgjöld fyrri ára. Spurt var hvort ekki væri rétt að færa kostnað við Vorhátíð félagsmanna sem kostnað við námskeið. Bent var á að rekstur vefsíðu sé dýr og sagði formaður að viðhald vefs sé í útseldri vinnu og rekstur því í hærra lagi. Var þá spurt hvort sá kostnaður ætti ekki að vera stjórnarkostnaður og færa undir laun og verktakavinnu. Barst fyrirspurn um könnun á kostnaði við vef félagsins og var þeirri umræðu vísað til umræðu um fjárhagsáætlun. Spurt var hvort ekki væri mögulegt að lækka kostnað við innheimtupjónustu banka, t.d. með því að bjóða beingreiðslur eða kreditkortafærslur, jafnvel að rukka félagsgjald bara einu sinni á ári.

Fleiri voru fyrirspurnir ekki og þá bar fundarstjóri ársreikning félagsins undir atkvæði. Var hann samþykktur einróma með áorðnum breytingum.

#### 5. Skýrslur nefnda og umræður um þær

Klara Sigurbjörnsdóttir flutti skýrslu fræðslunefndar, fylgiskjal vantar. Umræður urðu um fjarfundi félagsins og byrjunarerfiðleika þeim tengd. Fram kom ábending um að fyrirlesarar endurtaki spurningar úr sal svo fjarfundargestir heyri.

Magdalena Lára Gestsdóttir, fulltrúi FVB í prófnefnd efnahags- og viðskiptaráðuneytis, flutti munnlega skýrslu sína. Kom fram í máli hennar 60 einstaklingar útskrifuðust 22. mars 2018 sem viðurkenndir bókarar. Sagði hún frá framkomnum tillögum um skipulagsbreytingar á framkvæmd löggildingarnáms og fleira sem við kemur löggildingunni.

Einar Helgi Björnsson flutti skýrslu laga-, samskipta- og aganefnd, sjá fylgiskjal nr. 2, í fjarveru formanns, Guðrúnar Katrínar Gísladóttur.

Jóhanna Árnadóttir flutti skýrslu skemmtinefndar, sjá fylgiskjal nr. 3.

#### 6. Lagabreytingar

Einar Helgi Björnsson kynnti tillögur frá laga-, samskipta- og aganefnd um breytingar á 6., 11. og 20. gr. laga félagsins, sjá í fundarboði [hér](#).

Fundastjóri bar tillögurnar upp til atkvæða og bauð umræður.

Breyting á 6. gr. var samþykkt einróma svohljóðandi (breyting feitletruð):

Félagsmenn geta þeir verið sem hafa réttindi sem viðurkenndir bókarar samkvæmt ákvæðum 43. gr. laga nr. 145/1994 og óska skriflega eftir aðild að félaginu við stjórn þess. Félagsaðild fellur niður ef viðurkenningin fellur niður samkvæmt ákvæðum laga um viðurkennda bókarar, þeir segja sig skriflega úr félaginu, þeir uppfylla ekki endurmenntunarkröfur sbr. 21. gr. eða eru í skuld við félagið í **eitt ár** eða lengur. **Félagsmanni er jafnframt ekki heimilt að ganga í félagið nema gera upp gamla skuld. Skuld fyrir á 4 árum.**

Ef félagismaður gerist að mati stjórnar fvb uppvís að alvarlegu broti í starfi gagnvart opinberum aðilum eða viðskiptavinum sínum getur stjórnin vikið honum úr félaginu að undangenginni umfjöllun laga-, samskipta- og aganefndar, sbr. 9. grein í samskipta- og agareglum félagsins.

Breytingartillaga við 11. gr. var afgreidd í tveimur hlutum. Var fyrri hluti tillögunnar samþykktur samhljóða, svohljóðandi (breyting feitletruð):

Stjórnin skiptir með sér verkum; ritari, gjaldkeri og **meðstjórnandi**.

Var síðari hluti breytingartillögu við 11. gr. samþykktur með þorra atkvæða, einn sat hjá, svohljóðandi, (breyting feitletruð):

Að hámarki er greitt fyrir starfsárið:  
20 tímar hjá hverjum stjórnarmanni  
**28 tímar hjá hverjum fræðslunefndarmanni**  
8 tímar hjá hverjum laganefndarmanni  
4 tímar hjá hverjum skemmtinefndarmanni  
**3 tímar hjá skoðunarmanni**

Breytingartillaga við 20. gr. var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, svohljóðandi, (breyting feitletruð):

Hafi félagmaður hætt störfum sökum aldurs, **kjarasamningsbundinni eftirlaunaréttinda** eða veikinda getur hann eftir sem áður haldið félagsaðild sinni án þess að greiða félagsgjald og þarf ekki að sinna endurmenntunarkröfum félagsins sbr. 21. grein. **Félagmaður framvísi gögnum þessu til staðfestingar.**

#### **7. Kosning formanns og varaformanns**

Margrét V. Friðþjófsdóttir var ein í framboði til embætti formanns og var hún því sjálfkjörin.

Daníel G. Björnsson var einn í framboði til embættis varaformanns og var hann því sjálfkjörinn.

#### **8. Kosning meðstjórnanda**

Harpa Þráinsdóttir bauð sig fram til setu sem meðstjórnanda. Var hún ein í framboði og því sjálfkjörin.

#### **9. Kosning varamanna í stjórn**

Guðrún Þórarinsdótti og Magdalena Lára Gestsdóttir buðu sig fram til setu sem varamenn í stjórn og voru þær kosnar með lófataki.

#### **10. Kosning skoðunarmanna reikninga og eins til vara**

Guðbjörg Anna Jónsdóttir og Særós Guðnadóttir buðu sig fram til áframhaldandi setu sem skoðunarmenn og Inga Jóna Óskarsdóttir bauð sig fram til vara. Var seta þeirra samþykkt með lófataki.

#### **11. Kosning nefnda**

##### **a. Fræðslunefnd og varamenn**

Klara Sigurbjörnsdóttir bauðs sig fram til áframhaldandi setu. Erna Jónsdóttir, Fjóla Hrönn Guðmundsdóttir, Gerða Bjarnadóttir og Djurdja Kristjana Hrkalovic buðu sig fram til setu í nefndinni og voru þær kosnar með lófataki. Júlía Sigurbergisdóttir og Guðborg Eyjólfisdóttir buðu sig fram til varamennsku í nefndinni og voru þær kosnar með lófataki.

##### **b. Laga-, samskipta- og aganefnd (LSA) og varamenn**

Erla DöggÁrmann, Ómar Pétursson og Jóhanna Árnadóttir buðu sig fram til setu í nefndinni og voru kosin með lófataki. Sigrún Aradóttir og Guðríður Svavarsdóttir hlutu kosningu sem varamenn.

##### **c. Skemmtinefnd**

Jóhanna Árnadóttir, Linda Björg Sigurðardóttir og Guðborg Eyjólfisdóttir buðu sig fram til áframhaldandi setu í nefndinni og voru kosnar með lófataki.

#### **12. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs**

Formaður, Margrét V. Friðþjófsdóttir, kynnti fjárhagsáætlun félagsins fyrir næsta starfsár, sjá fylgiskjal nr. 4.

#### **13. Tillaga stjórnar um félagsgjald og inntökugjald næsta reikningsárs**

Félagsgjald var kr. 11.000 og stjórn lagði til hækkun í kr. 13.000. Var hækkunin samþykkt með þorra atkvæða gegn einu og tveir sátu hjá.

#### **14. Önnur mál**

Formaður þakkaði fráfarandi nefndamönnum fyrir vel unnin störf og óskaði nýkjörnum nefndum og stjórn velfarnaðar á komandi starfsári. Þá þakkaði formaður félögum góða fundarsete og sleit fundi kl. 19.16.

*Adalheiður Rúnarsd.*

---

Aðalheiður Rúnarsdóttir, fundarritari